

98

5. nóvbr.

12. gr.

Brot gegn reglugjörð þessari eða gegn reglugjörðum, sem settar verða samkvæmt henni varða sektum allt að 1000 krónum, nema þyngri refsing liggir við samkvæmt lögum. Ef brot veldur skemmdum á eignum rafmagnsveitunnar skal hinn brotlegi þessutan bæta skaðann.

Sektir renna í bæjarsjóð Reykjavíkur.

13. gr.

Með mál út af brotum á reglugjörð þessari eða á reglugjörðum, sem settar eru samkvæmt henni skal farið sem almenn lögreglumál.

Reglugjörð þessi er hjermeð sett samkvæmt lögum nr. 51, 3. nóvember 1915 um rafmagnsveitur og birt til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumáladeild stjórnarráðsins, 5. nóv. 1920.

Pjetur Jónsson.

Oddur Hermannsson.

99

5. nóvbr.

Reglugjörð

um

hafnsögu í Hafnarfjarðarkaupstað.

1. gr.

Hafnarnefnd Hafnarfjarðarkaupstaðar skipar hafnsögumenn svo marga sem þurfa þykir og ákveður laun þeirra. Laun hafnsögumanna greiðast ú hafnarsjóði.

2. gr.

Hafnsögumönnum ber í starfi sínu að haga sjer eftir því, sem sagt er í reglugjörð þessari og eftir skipun hafnarnefndar. Þeim skal skylt að bera einkennisbúning þann, er hafnarnefnd ákveður.

3. gr.

Hafnarnefnd getur með 3ja mánaða fyrirvara sagt hafnsögumanni upp starfi sínu. Með sama fyrirvara getur hafnsögumaður sagt starfa sínum lausum. Hafnarnefnd getur fyrirvaralaust vikið hafnsögumanni frá starfanum, ef hann verður ber af vanrækslu í starfi sínu.

4. gr.

Hvert skip, sem ætlar til Hafnarfjarðar og nota vill hafnsögumann, skal þegar það^{5.} er komið $\frac{1}{2}$ mílu undan Álftanesi eða Helguskeri, gefa merki um að það óski hafnsögumanns, og er hafnsögumanni skylt að vitja skipanna þangað.

99

5. nóvbr.

5. gr.

Hafnsögumaður, er vísar skipi leið til hafnar, má eigi yfirgefa skipið án samþykkis skipstjóra, fyr en skipið er lagst við festar á höfninni. Meðan hafnsögumaður dvelur á skipi, ber því að sjá honum fyrir fæði.

6. gr.

Hvert skip, sem af höfninni fer, á rjett á að fá hafnsögumann, og skal hafnsögumanni skylt að fylgja því þangað, sem honum samkvæmt 4. gr. er skylt að vitja þess. Hafnsögumaður skal og hafa á hendi leiðsögu skipa um höfnina, komi það eigi í bága við aðalstarf hans.

7. gr.

Hafnsögumanni er skylt að banna allar ónaúðsynlegar samgöngur við skipið áður en hann hefir lokið starfi sínu á skipsfjöl.

8. gr.

Ef sjúkdómur er á skipi, eða ástæða til þess að ætla að sóttþætta geti stafað frá því, ber hafnsögumanni að sjá um að fylgt sje reglum þeim, sem settar eru í lögum um varnir gegn því að næmir sjúkdómar berist til landsins.

9. gr.

Hafnsögumenn leggja sjer sjálfir til báta og önnur tæki, er þeir þurfa að nota við starfa sinn, svo og mannaþjálp.

10. gr.

Gjöld fyrir hafnsögu skulu greidd samkvæmt því sem ákveðið er í reglugjörð um hafnsögungjöld í Hafnarfirði.

11. gr.

Brot gegn reglugjörð þessari varða sektum alt að 1000 krónum. Sektirnar renna í hafnarsjóð. Með mál út af slíkum brotum skal fara með sem almenn lögreglumál.

Reglugjörð þessi, sem bæjarstjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar hefur samið og samþykkt, staðfestist hjermeð til að öðlast gildi þegar í stað.

Atvinnu- og samgöngumáladeild stjórnarráðsins, 5. nóvember 1920.

Pjetur Jónsson.

Oddur Hermannsson.